**Námsáætlun** **3. bekkur**

# Textílmennt

**Tímar á viku: 6**

## Kennsluaðferðir og skipulag.

**Leiðir:** Skólaárinu er skipt niður í 6 lotur með 6 smiðjum og skipta nemendur um smiðju á 6 vikna fresti.

Innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, einstaklingsvinna, samvinna, sköpun og persónulegar útfærslur.

| Hæfniviðmið | Viðfangsefni | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Nemandi getur:**<br>- **Handverk,aðferðir og tækni.**<br>- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.<br>- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.<br>- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.<br>- **Sköpun, hönnun og útfærsla.**<br>- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.<br>- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.<br>- **Menning og umhverfi.**<br>- Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.<br>- **Menningarlæsi.**<br>- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.<br>- Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. | Ýmis efnis - og þráðavinna sem þjálfar nemendur í áframhaldandi textílvinnu. | Verkefni sem kennari undirbýr og leggur fyrir. | Símat er í kennslustundum sem byggt er á:<br>- verkefnum<br>- hegðun<br>- viðhorfum<br>- vinnusemi<br>- samvinnu<br>- samskiptum<br>- sköpun<br>- umgengni |

| | | | |
|---|---|---|---|
| - Gengið frá eftir vinnu sína. | | | |

## Grunnþættir menntunar.

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| Læsi: | Les í umhverfið og gerir sér grein fyrir rýmisnotkun.<br>Getur tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt og nota rétt hugtök<br>Nýtir sér einfaldar leiðbeiningar og les í vinnuumhverfi sitt.<br>Getur sagt frá eigin leiðum í vinnuferli<br>lærir í gegnum félagsleg tengsl og samskipti og þróa með því læsi í víðum skilningi. |
| Sjálfbærni: | Tekur ábyrgð á sjálfum sér, umhverfi og samskiptum<br>Sér tækifæri og möguleika sem liggja í að flokka og endurnýta efni.<br>Nýtir efnivið á ábyrgan hátt.<br>Sækir efnivið í nánasta umhverfi til að vinna úr.<br>Gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt. |
| Heilbrigði og velferð: | Beitir réttri líkamsstöðu<br>Beitir áhöldum og tækjum á ábyrgan og réttan hátt<br>Er meðvitaður um réttar vinnustellingar og örugga umgengni á vinnusvæði<br>Sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp.<br>Fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum |

Smáraskóli

| | |
|---|---|
| Lýðræði og mannréttindi: | Velur með leiðsögn verkefni sem henta hverju sinni<br>Velur og notar á réttan hátt áhöld og tæki sem henta viðfangsefnum hverju sinni.<br>Rökstyður val á leiðum í vinnuferli<br>Tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu<br>Getur valið og notað ólíkar aðferðir við útfærslu verkefna sinna. |
| Jafnrétti: | Ræktar hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum<br>Fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi<br>Tekur tillit til skoðana annarra<br>Tekur þátt án fordóma<br>Velur verkefni við hæfi og aðlagar að sínu áhugasviði<br>Vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokalausnar<br>Kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð<br>Gerir sér grein fyrir margvíslegum tilgangi listarinnar í samfélaginu. |
| Sköpun: | Fær tækifæri til að tjá sig og nýta hæfileika í listsköpun<br>Þróar og vinnur með eigin hugmyndir, greinir og leitar lausna<br>Nýtir aðferðir og tækni á fjölbreyttan og skapandi hátt<br>Notar ímyndunarafl, frumkvæði og hæfileika til að skapa afurð |